

ÖRNEFNANEFND

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 29.7.19
Ábm.	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Reykjavík, 26. júní 2019

Efni: ensk nöfn á íslenskum stöðum

Í þættinum *Speglinum* á Rás 1 ríkisútvarpsins þann 15. ágúst sl. var fjallað um ensk nöfn yfir staði á Íslandi í innslagi sem bar yfirskriftina „Tók Diamond Beach Breiðamerkursand af Google?“ Hún vísar til þess að á kortavefnum *Google Maps* er ekki örnefnið Breiðamerkursandur, sem þess í stað er nefndur *Diamond Beach*. Í þættinum kom fram að á undanförunum árum hafa ferðaþjónustufyrirtæki í auknum mæli tekið að nota ensk nöfn á íslenskum stöðum í markaðssetningu.

Þessi ensku nöfn eru ýmist þýðingar á íslenskum nöfnum, t.d. *Whispering Cliffs* í stað nafnsins *Hljóðaklettur* eða ný nöfn, t.d. *Black Sand Beach* í stað *Reynisfjöru*. Að skýra íslensk örnefni með því að þýða þau á erlend mál getur í vissu samhengi talist eðlileg miðlun íslensks menningararfs til útlendinga. Hins vegar verður að gæta þess að erlendu nöfnin verði ekki fyrirferðarmeiri en hin íslensku, svo sem á skiltum og vegvísunum.

Örnefni verða til í samspili manns við umhverfi sitt og nafngiftir staða – bæði það hvers konar nöfn eru gefin og ekki síður hvaða stöðum eru gefin nöfn – ráðast m.a. af hlutverki staða í lífsháttum íbúa landsins, atvinnu þeirra og menningu almennt. Í tilvikinu sem hér um ræðir hefur ferðaþjónusta, sem á síðustu árum hefur orðið mikilvæg atvinnugrein á Íslandi, myndað þörf á að nefna svæði sem ekki hefur haft sérstakt nafn áður. Þetta hlýtur að teljast eðlileg afleiðing af þróun lífshátta á Íslandi. En jafnframt bendir þetta á að þörf fyrir ný örnefni skapast ekki einungis þegar til verða ný náttúrufyrirbæri við landsumbrot heldur einnig af breytingum í menningu og atvinnuháttum.

Í ljósi framansagðs mælir Örnefnanefnd með því að reynt verði að finna leiðir til að bregðast við ef ensk nöfn á íslenskum stöðum eru líkleg til að festast í sessi. Örnefnanefnd beinir því heim tilmælum til sveitarfélaga að hafa frumkvæði að því að gefa stöðum nöfn þegar þörf á því kemur upp og sporna þarf gegn óviðunandi nafni sem annars gæti fest í sessi. Eðlilegt er að íbúar í nærumhverfi hafi frumkvæði að nafngjöf í slíkum tilvikum á sama hátt og gert er ráð fyrir í lögum þegar um er að ræða nöfn á nýjum náttúrufyrirbærum. Nafnatillögur skulu svo sendar Örnefnanefnd til umsagnar, eins og lög kveða á um og því næst ráðherra til staðfestingar (sjá lög um örnefni nr. 22/2015, gr. 7).

Virðingarfyllst,

[Signature]

Þ. h. Örnefnanefndar

Þórunn Sigurðardóttir, formaður

ÖRNEFNANEFND

Laugavegur 13, ÍS-101 Reykjavík
Sími 525-4432 • Netfang ornefnanefnd@hi.is